

Öryggisáætlun Ferðafélags Akureyrar

Ferðir

3. Þáttur: Áhættumat

Reglur hjá FFA um fjölda fararstjóra í ferð:

Fararstjórn í styttri ferðum:

Í styttri ferðum en 8 klukkustundir er gert ráð fyrir einum fararstjóra.

Ef fleiri en 25 manns eru skráðir í ferð er fararstjóri látinn vita og:

- einhver fenginn til aðstoðar
- leitað til aðila sem skráður er í ferðina og hann beðinn að reka lestina og vinna með fararstjóranum, hann fær þá frítt í ferðina.

Aðstoðarmaður fær símanúmer fararstjóra. Hann ber ekki sömu ábyrgð og aðalfararstjórinn.

Fararstjórn í erfiðari ferðum:

- Alltaf er gert ráð fyrir tveimur fararstjórum
- Ef fleiri en 15 eru skráðir þá fara báðir fararstjórar í ferðina og þá má skrá a.m.k. 25 manns. Í sumum ferðum er þó alltaf gert ráð fyrir tveimur fararstjórum.
- Ef þátttakendur fara yfir 30 þarf að bæta þriðja fararstjóranum við og þá má skrá a.m.k. 40 manns.

Áhættuþættir fyrir ferðir hjá FFA	Viðbragðsferli
<p>Í öllum ferðum er hættu á eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none">Fólk fái hæsæriFólk veikistFólk snúi ökklaFólk villist t.d. ef leið er óstikuð eða ef fólk verður viðskila við hópinnFólk hراسi, detti eða renni með ýmsum afleiðingum, svo sem að snúa ökkla, eða hné eða meiðast á höndumFólk ofkælist <p>Í ferðum sem merktar eru 1 - 3 skór er auk þess hættu á:</p> <ul style="list-style-type: none">Lenda í þokuOfreynslu eða örmögnunOfkælinguVillu ef veður versnar skyndilega eða óvænt <p>Í erfiðari ferðum 3 – 4 skór er meiri hættu á:</p> <ul style="list-style-type: none">GrjóthruniLofthæðslu <p>Í vetrarferðum (göngu- og skíðaferðum) þarf að gera ráð fyrir áhættuþáttum til viðbótar, svo sem aukinni hættu á ofkælingu</p>	<p>Byrja á að tryggja öryggi allra á slysstað og bjarga úr hættulegum aðstæðum eins og unnt er:</p> <ul style="list-style-type: none">Hafa samband við neyðarlínu ef atvik gefur tilefni til. Ef símasamband er lélegt getur þurft að nota SMS (neyðarlína aflar upplýsinga um ferðina annað hvort af Safetravel eða hjá FFA)Fylgja fyrirmælum viðbragðsaðila eftirVeita fyrstu hjálpHafa samband við bakvakt hjá FFAMeta hvort sá sem hefur slasast er ferðafær eftir að fyrsta hjálp hefur verið veittEf svo er ekki er beðið eftir hjálp og koma viðbragðsaðila undirbúinHafa samband við aðstandanda ef ástæða þykir til (eða í samráði við þann sem varð fyrir slysi)Eftir að hjálp hefur borist og öryggi er tryggt er áframhald ferðar metiðEf sá sem slasast er ferðafær eftir að fyrsta hjálp hefur verið veitt er metið hvort ferð er haldið áfram eða snúið við <p>Ef hópur lendir í hættulegum aðstæðum t.d. vegna snjóflóðahættu eða villu eða óveðurs (ekki eru slys á fólki) skal:</p> <ul style="list-style-type: none">Halda kyrru fyrirHafa samband við neyðarlínu og fylgja fyrirmælum viðbragðsaðila

Áhættuþættir fyrir ferðir hjá FFA	Viðbragðsferli
<p>Í öllum ferðum getur borið við að þátttakandi treysti sér ekki til að halda áfram ferð vegna óhapps eða veikinda.</p>	<p>Hvað gerir fararstjóri?:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Ef slys verður stuttu eftir að lagt var af stað getur fararstjóri sent viðkomandi til baka, en tekur þá niður símanúmer hans og þau koma sér saman um hvenær og hver hringir 2. Ef lengra er liðið á ferðina þá þarf fararstjóri að meta hvort þátttakandi getur snúið við sjálfur og þá er gert eins og í lið 1, eða hvort fylgja þarf viðkomandi áleiðis eða alla leið að upphafsstað ferðar. Ef svo er biður fararstjóri hópinn að halda áfram rólega og bíða eftir sér á ákveðnum stað þangað til hann kemur til baka til hópsins <p>Ef þátttakandi er meiddur þá er hringt í 112 eða önnur úrræði fundin í samráði við þátttakendur</p> <p>Ef fleiri en einn fararstjóri er með hópinn meta þeir stöðuna og einn/annar þeirra getur þá farið með þátttakanda til baka og hinn heldur áfram með hópinn, sá sem fór til baka kemur aftur nema að ferðinni sé að ljúka</p> <p>Alltaf þarf að sjá til þess að allir þátttakendur séu upplýstir um hvað er að gerast eða hvað gerðist</p>
<p><i>Almenna reglan í ferðum á vegum FFA er að fararstjóri yfirgefur hvorki hóp sinn eða neinn úr honum né afsalar sér á annan hátt ábyrgðarhlutverki sínu gagnvart þeim sem eru í ferðinni.</i></p>	<p>Fararstjóri þarf því að meta aðstæður og taka ákvörðun. Hann getur gert eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að sá sem treystir sér ekki til að halda áfram ferð snúi við, annað hvort á eigin spýtur í fylgd einhvers sem fararstjóri treystir, en hópurinn haldi áfram ásamt fararstjóranum. Þetta ætti eingöngu að koma til álita ef ferð er nýlega hafin, leið að upphafsstað er greið, öruggt símasamband er milli fararstjóra og þess/þeirra sem snúa við. Jafnvel má hugsa sér að á lengri leiðum/fjallgöngum sé tilgreindur tiltekinn staður sem miðað er við hvort þetta komi til greina. • Að hópurinn bíði meðan fararstjóri fylgir viðkomandi að/eða áleiðis að upphafsstað ferðar og haldi síðan áfram för með hópinn. Þetta kemur því aðeins til álita að allir í hópnum séu þessu samþykki að bið hópsins verði ekki óhæfilega löng og að tryggt símasamband sé milli fararstjórans og hópsins. Hugsanlega er einhver í hópnum sem getur leitt hópinn eitthvað áfram og beðið þar. • Að hópurinn bíði meðan sá sem ekki getur haldið áfram er sóttur, til dæmis af hann hefur orðið fyrir slysi. <p>Ef fararstjóri metur það svo að ekkert af framangreindu komi til greina er ekki annar kostur fyrir hendi en að allur hópurinn snúi við.</p> <p>Alltaf þarf að sjá til þess að allir þátttakendur séu upplýstir um hvað er að gerast eða hvað gerðist.</p>